

Minnisblað – Ástjarnarkirkja

Leiga á safnaðarheimili Ástjarnarkirkju við Kirkjuvelli 1.

Mikil uppbygging er á Völlunum. Í Skarðshlíð hefur nýlega verið úthlutað íbúðum fyrir fjöleignarhús þar sem gert er ráð fyrir 231 íbúð. Þá eru að fara til úthlutunar í lóðir fyrir rað-, par- og einbýlishús, alls um 157 íbúðir. Hönnun er að byrja á Skarðshlíð 3. Allt þetta er til viðbótar við um 5.000 íbúa sem búa nú þegar á Völlum.

Hafinn er undirbúningur á byggingu skóla í Skarðshlíð. Skólaárið 2017/2018 verður starfræktur skóli til bráðabirgða í safnaðarheimili Ástjarnarkirkju og frístundaheimili verður í gamla safnaðarheimilinu. Á síðasta fundi bæjarstjórnar var leigusamningur þar um samþykktur.

Með því að leigja aðstöðu í safnaðarheimilinu áfram skapast möguleiki á að leysa húsnæðisvanda sem skapast hefur vegna rekstur frístundaheimila. Einnig er gert ráð fyrir að Tónlistarskólinn fái aðstöðu í safnaðarheimilinu fyrir nemendur Hraunvallaskóla, Hvaleyrarskóla og tímabundið fyrir nýja skólann í Skarðshlíð.

Þá fjölgar eldri borgurum í sveitarfélaginu og á næstu árum þarf að bregðast við aukinni þjónustuþörf. Í Vallahverfi er ekki miðstöð fyrir eldri borgara og félagsstarf fyrir eldri borgara ekki fyrir hendi. Æskilegt er að slík þjónusta sé til reiðu fyrir þennan stækkandi hóp bæjarbúa og í nærumhverfi íbúa. Nú er félagsstarf fyrir eldri borgara á Hjallabraut, Sólvangsvegi og Flatahrauni. Uppbygging þarf að vera víðar í bænum og aðgengi að slíki þjónustu í safnaðarheimili Ástjarnarkirkju væri til mikilla hagsbóta fyrir íbúa á því svæði.

Þá er jafnframt hugað að því að félagasamtök geti haft not af húsnæðinu.

Hafnarfirði, 2. maí 2017

Sigríður Kristinsdóttir sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

Fanney D. Magnúsdóttir, sviðsstjóri fræðslusviðs

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu

Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu